



Fundargerð

37. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn í fjarfundarkerfi Zoom, 20. janúar 2021, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir , Brynja Jóna Jónasdóttir , Egill Sigurðsson , Elín Grétarsdóttir , Guðmundur Jóhann Gíslason og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Lögð fram tillaga að dagskrárbreytingu að inn komi einn nýr dagskrárliður nr. 9. Aðrir dagskrárliðir færast til sem því nemur.

1. 208. fundur skipulagsnefndar - 2012051

Fundargerð 208. fundar skipulagsnefndar lögð fram ásamt fundargerð 20-133. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

Mál nr. 16; Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20-133 - 2012002F.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. 209. fundur skipulagsnefndar - 2101012

Fundargerð 209. fundar skipulagsnefndar lögð fram ásamt fundargerð 20-134. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

Mál nr. 22; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 20-134 - 2012004F.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

3. 11. fundur vegna endurskoðunnar aðalskipulags Ásahrepps - 2012047

Fundargerð 11. fundar vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps lögð fram til samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða framlagða fundargerð.

4. 12. fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps - 2012048

Fundargerð 12. fundar vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps lögð fram til samþykktar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða fundargerð.

5. 13. fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps - 2012049

Fundargerð 13. fundar vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps lögð fram til samþykktar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða fundargerð.

6. 83. fundur félagsmálanefndar - 2101008

Fundargerð 83. fundar félagsmálanefndar tekin aftur fyrir í hreppsnefnd Ásahrepps. Óskað hefur verið eftir samþykki hreppsnefndar fyrir hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar um 6%. Fundargerðin var lögð fram til kynningar á 36. fundi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti umrædda hækkun

grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar.

7. Fundargerðir 1. og 2. fundar sameiningarnefndar - 2101006

Lagðar fram fundargerðir 1. og 2. fundar sameiningarnefndar um sameiningu sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fundargerðirnar fyrir sitt leyti.

8. 25. fundur stjórnar Bergrisans bs. - 2101004

Lögð fram fundargerð 25. fundar stjórnar Bergrisans bs. Stjórn óskar eftir staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga vegna 1. dagskrárliðar er varðar viðaukasamning við þjónustusamninga milli Bergrisans og Sólheima.

Ekki er verið að óska eftir viðbótarframlagi frá aðildarsveitarfélögunum á þessum tímapunkti heldur er um viðauka við fjárhagsáætlun Bergrisans að ræða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlögð drög að viðaukasamning við Sólheima SES.

9. Fundargerð 7. fundar stjórnar Lundar - 2101017

Fundargerð 7. fundar stjórnar Lundar lögð fram. Óskað er eftir afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps gagnvart tillögu stjórnar um að aðildarsveitarfélög Lundar gangist í ábyrgð fyrir hækkun yfirdráttarheimildar á rekstrarreikningi Lundar í Arionbanka. Yfirdráttur verði hækkaður um 10 milljónir króna, fari úr 10 milljónum í 20 milljónir króna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita hlutfallslega ábyrgð að sínum hluta aðildar Ásahrepps að Lundi er lýtur að hækkun yfirdráttarheimildar rekstrarreiknings Lundar. Gæta verður að því að ef vaxtakostnaður byggingareiknings hafi verið greiddur af rekstrarreikningi, þá verði sá kostnaður greiddur til baka til rekstrarreiknings.

10. Fundargerð 48. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu - 2012050

Lögð fram fundargerð 48. fundar stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

11. 24. fundur stjórnar Bergrisans bs. - 2101003

Fundargerð 24. fundar stjórnar Bergrisans bs. lögð fram.

Til kynningar.

12. 3. fundur leiðtogaeymis á Suðurlandi - 2101007

Lögð fram fundargerð 3. fundar leiðtogaeymis á Suðurlandi, um samþættingu þjónustu við fötluð börn.

Til kynningar.

13. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, 15. desember 2020 - 2012044

Fundargerð lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum, dags. 15. desember 2020, lögð fram.

Til kynningar.

14. 565. fundur stjórnar SASS - 2012046

Fundargerð 565. fundar stjórnar SASS lögð fram.

Til kynningar.

15. 892. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2012043

Fundargerð 892. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram.

Til kynningar.

16. Stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands - 2012022

Lagt fram frumvarp umhverfisráðherra um stofnun Hálandisþjóðgarðs, þingmál 369. Frestur hefur verið gefinn til loka janúarmánaðar að skila inn umsögn eða athugasemdum. Lagt fram minnisblað vegna umsagnar hreppsnefndar Ásahrepps, dagsett 15. janúar 2021. *Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela sveitartjóra að senda inn athugasemdir við framlagt frumvarp til Alþingis og þingnefndar á grundvelli minnisblaðsins sem lagt var fram. Sveitarstjóri mun senda endanlega útgáfu athugasemda til fulltrúa í hreppsnefnd til endanlegrar staðfestingar með tölvupósti.*

17. Endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps - 1910021

Lögð fram drög að forsendum og greinargerð sem Efla hefur unnið vegna endurskoðunar aðalskipulags Ásahrepps. Einnig lögð fram greinargerð um stöðu og tækifæri ferðapjónsustu í Ásahreppi og minnisblað um flokkun landbúnaðarlands. *Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar fyrir vel unnin skjöl og gerir engar athugasemdir við þær á þessu stigi vinnslunnar.*

18. Fegrunarátak Ásahrepps - 2101010

Lögð fram skýrsla verkefnisstjóra um Fegrunarátak Ásahrepps. Alls tóku 72 aðilar þátt í verkefninu og voru greiddir út styrkir að upphæð kr. 30.048.773. Alls framkvæmdu umræddir þátttakendur við þetta verkefni að upphæð kr. 46.064.652. *Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar verkefnisstjóra fyrir vel unnið verk og er ánægjulegt að sjá hve vel hefur tekist til í þessu verkefni. Ekki hefur verið unnt að halda uppskeruhátíð eins og til stóð, en það verður skoðað betur þegar losnar um þær takmarkanir sem í gildi eru vegna COVID-19.*

19. Upplýsingaskilti við göngustíga á Holtamannafrétti - 2101013

Lagðar fram tillögur að grunni upplýsingaskilta til uppsetningar við aðkomu að þeim gönguleiðum sem stikaðar voru síðasta sumar, þ.e. göngustígur upp með Köldukvísl og göngustígur við Dynk. *Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við þær tillögur sem fram eru lagðar. Á þessum tímapunkti ennþá hægt að koma fram með tillögur um breytingar. Þegar hönnun er komin á lokastig þá verður útlitshönnun lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar staðfestingar.*

20. Lögfræðiaðstoð fyrir fulltrúa Ásahrepps í umdæmisráði VJP - 2101014

Í ljós hefur komið ágreiningur í svæðisráði vestursvæðis VJP vegna afstöðu til opunar fyrir akandi umferð inn í Vonarskarð. Þar er farið gegn afstöðu hreppsnefndar Ásahrepps og gildandi aðalskipulagi. Fulltrúi Ásahrepps í svæðisráði óskar eftir að Ásahreppur kosti lögfræðiaðstoð vegna þessa ágreinings. *Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fulltrúi Ásahrepps í svæðisráði VJP geti leitað til lögfræðings á kostnað sveitarsjóðs. Áður en þessi heimild er nýtt skal vikomandi leggja fram kostnaðaráætlun vegna vinnu lögfræðings og skal hún vera samþykkt af hreppsnefnd.*

21. Styrkir sveitarsjóðs Ásahrepps vegna hitaveitutenginga - 2101015

Lagður fram samningur Hitaveitu Rangæinga og Ásahrepps um tengingu húsrýmis í Ásahreppi (2002), ásamt reglum um fjárframlög Ásahrepps til nýrra hitaveituframkvæmda (2009) og afrit af 12. dagskrárliði í fundargerð hreppsnefndar Ásahrepps frá 11. desember 2012 "Viðauki við reglur um hitaveitutengingar". Nauðsynlegt er að skilningur á fyrri samningum og samþykktum sé réttur. *Hreppsnefnd Ásahrepps vísar til fyrri samþykktu varðandi styrki úr sveitarsjóði Ásahrepps*

vegna hitaveitu tenginga.

Í samningi Ásahrepps og Hitaveitu Rangæinga, frá árinu 2002, segir í 11. grein um tengigjöld að eftir að lagningu dreifikerfis munu notendur greiða tengigjöld í samræmi við gjaldskrá Hitaveitunnar á hverjum tíma. Í 14. grein segir jafnframt að nýir notendur sem af hagkvæmni- og tækniástæðum reynist unnt að tengja hitaveitunni, greiða stofngjöld til Hitaveitunnar samkvæmt gildandi gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti reglur um fjárframlög Ásahrepps til nýrra hitaveituframkvæmda þann 26. maí 2009, þar sem samþykkt var að koma að fjármögnun tenginga til lögheimila sem óska eftir því efarðsemi tengingar er ekki nægjanleg skv. mati Orkuveitu Reykjavíkur. Fjármögnun frá sveitarsjóði verði því grundvöllur þess að hagkvæmni náist við viðkomandi tengingu. Þá verði gerður þríhliða samningur milli umsækjanda tengingar, Orkuveitu Reykjavíkur og Ásahrepps. Hámarksframlag Ásahrepps vegna nýs lögheimilis getur numið allt að tíföldu tengigjaldi íbúðarhús skv. gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur á hverjum tíma.

Vegna þeirra aðstæðna, þar sem ekki er unnt að tengja nýtt lögheimili þá samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps þann 12. desember 2012 viðauka við reglur um fjárframlög Ásahrepps til nýrra hitaveituframkvæmda. Þá er um að ræða fjárframlag vegna framkvæmdakostnaðar við aðra húshitunarkosti sem leiða til orkusparnaðar.

22. Ákvörðun um fyrirkomulag stjórnáslu Ásahrepps vegna Covid-19. - 2101016

Taka þarf ákvörðun um fyrirkomulag stjórnáslu Ásahrepps í ljósi aðstæðna á tímum COVID-19.

Ákveðið var að loka skrifstofunni fyrir almenningi þar sem ekki var hægt að tryggja náandarreglu sóttvarna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að viðhafa óbreytt fyrirkomulag áfram, en ákvörðunin verður endurskoðuð á næsta fundi hreppsnefndar. Sveitarstjóra falið að birta þessa ákvörðun með sama hætti og síðast á heimasíðu Ásahrepps og með að hengja upp auglýsingu við skrifstofu sveitarfélagsins.

23. Tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur; reiðvegir í Ásahreppi - 2101005

Lagt fram tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur, dags. 8. janúar 2021, þar sem hún segir sig frá því verkefni að ræða og semja við landeigendur um lagningu reiðvega.

Hreppsnefnd tekur erindi Huldu til greina og þakkar henni fyrir vel unnin störf. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa tilnefningu nýs aðila í nefndina til næsta fundar.

24. Samstarfssamningur við Íþróttafélagið Garp - 2012030

Lög fram drög að samstarfssamningi við Íþróttafélagið Garp, en gerðar hafa verið orðalagsbreytingar í takt við umræðu í hreppsnefnd á 36. fundi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi þjónustusamning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Ásahrepps.

25. Minnisblað um iðjuþjálfu HSu - 2101001

Lagt fram minnisblað skólaþjónustunnar um starf iðjuþjálfu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Árið 2007 var gerður samstarfssamningur um starf iðjuþjálfu á Suðurlandi. Aðilar samningsins voru HSu, Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Suðurlandi og SASS f.h. sveitarfélaga á Suðurlandi að undanskildum Vestmannaeyjum. Núverandi iðjuþjálfur lætur af störfum nú í vor og því vill HSu kanna hug sveitarstjórna á Suðurlandi, sem stóðu að fyrri samstarfssamningi, til áframhaldandi samstarfs og þá hvernig þjónustu skuli háttáð.

Einnig eru lögð fram drög að nýjum samstarfssamningi ásamt starfslýsingu iðjuþjálfu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að gerður verði nýr samstarfssamningur á þeim forsendum sem fram koma í framlögðum gögnum.

26. Styrkbeiðni Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, janúar 2021 - 2101009

Lagt fram tölvuskeyti Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, dags. 6. janúar 2021, þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu blaðsins "Börn með krabbamein".

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita félaginu styrk að upphæð kr. 10.000.

27. Tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19 - 2012045

Bréf Velferðarvaktarinnar, dags 7. desember 2020, þar sem gerðar eru tillögur til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19.

Til kynningar.

28. Áskorun til sveitarfélaga - 2012052

Áskorun Samtaka grænkerá á Íslandi um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis lögð fram.

Til kynningar. Samþykkt samhljóða að senda umrædda áskorun til stjórnar Odda bs til frekari skoðunar í ljósi reksturs og þjónustu skólamötuneyta sveitarfélaganna.

29. Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning - 2012053

Lokaskýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning lögð fram.

Til kynningar.

30. Drög að umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026. - 2101002

Lögð fram drög að umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem unnin hefur verið af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

31. Reksstraryfirlit í lok árs 2020 - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir árið 2020, eins og staða bókhalds er þann 13. janúar 2020.

Til kynningar.

32. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 17. febrúar 2021 og hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:45.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Egill Sigurðsson

Elín Grétarsdóttir

Guðmundur Jóhann Gíslason

Undirritunarsíða

sveitarstjóri
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi
Guðmundur Jóhann Gíslason